

Norður-Múlasýsla
Hróarstunguhreppur

Gunnhildargerði 1
Samlesið S.J.

G u n n h i l d a r g e r ð i

Sigfús B. Sigmundsson hefur skráð. Hann er fæddur í Gunnhildargerði 11. apríl 1905 og ólst þar upp og dvaldist til 1926 og var þar heimilisfastur til 1930.

Guðlaug Sigmundsdóttir, systir hans, fædd 19. apríl 1895, sem ólst upp og dvaldist í Gunnhildargerði til 1918, hefur aðstoðað Sigfús við skráningu örnefna.

Jón Sigmundsson, bróðir þeirra, var fæddur 25. október 1898 í Gunnhildargerði og ólst þar upp og var bóndi þar frá 1926 til dánardægurs 1957. Hefur einnig verið leitað álits nokkurra barna hans viðvíkjandi örnefnum og staðsetningu þeirra og þau verið með í ráðum. Einnig hefur Anna Ólafsdóttir, f. 29. ágúst 1902, móðir þeirra og húsfreyja í Gunnhildargerði frá 1926-1963, veitt upplýsingar.

Rétt er að geta þess, að sama ættin hefur búið í Gunnhildargerði frá því á síðari hluta 18. aldar þangað til árið 1963. Síðan hefur enginn búið þar.

Landamerki:

"Landamerki Nefbjarnarstaða með afbýlinu Gunnhildargerði.

Að austan ræður Lagarfljót. Að norðan eru landamerki frá Lagarfljóti úr Dýjakrókabakka utanverðum beint í merkípúfu á fremri höllum; þaðan í kletthlein

út úr svo nefndri Heyöxl; þaðan beint í Vegöxl á Tunguás.

Að vestan ræður bein stefna úr Vegöxl í yzta horn á Hesthamri.

Að sunnan eru landamerki úr yzta horni Hesthamars beint austur í klett þann, er stendur í Vetrarsundi; þaðan ofan yfir svo nefnda Hesta og þá eftir gömlum garði yfir Flutningsmýri beint í Lagarfljót.

Kirkjubæ, 5. júní 1890

Einar Jónsson

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 110.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. ".75

Bókun " ".25

kr. 1.00 - ein króna

E.Th.

N^o 7/1890"

"Landamerki milli Nefbjarnarstaða og Gunnhildargerðis í Hróarstungu.

Úr Lagarfljóti utanvert á svonefndum Nasalækjartanga og beina línu eftir gömlum merkigarði upp í Illukelduholt og þaðan í vörðu á austara Hrutahrauni. Síðan úr þeirri vörðu inn og vestur á Sjónarhraun og svo þaðan beina stefnu í stein sunnanvert við svonefnda Merkilág. Að því er snertir önnur landamerki þessara

jarða vísast til áður þinglesinna landamerkja að fornu.

Nefbjarnarstöðum og Gunnhildargerði

24. nóv. 1921

Halldór Jónsson

Eiríkur Sigmundsson

ábúandi

(eigandi Gunnhildargerðis)

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi

22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. " 1.00

Samtals kr. 4.00

- fjórar krónur -

Greitt A.A."

Land Nefbjarnarstaða nær því að sunnan að Kirkjubæjarlandi frá yzta horni Hesthamars að steini sunnanvert við Merkilág. Þar taka við landamerki Gunnhildargerðis og Kirkjubæjar "beint austur í klett þann, er stendur í Vetrarsundi; þaðan ofan yfir svo nefnda Hesta og þá eftir gömlum garði yfir Flutningsmýri beint í Lagarfljót."

Flutningsmýri, sem þarna er nefnd í landamerkjabréfinu, var alltaf kölluð Einarstekkkjarblá. Hitt örnefnið hefi ég aldrei heyrt áður.

Þar sem landamerkin liggja að Lagarfljóti, er lítill botn neðan í fljótsbakkanum, sem heitir Merkibotn.

Í ábúendatali frá 1732 er Gunnhildargerði

talin hjáleiga frá Nefbjarnarstöðum og í landamerkjabréfi frá 1890 er það talið afbýli frá Nefbjarnarstöðum, enda er jörðin ekki stór og líkt og klipin út úr landi Nefbjarnarstaða, þar sem land Nefbjarnarstaða liggur að Gunnhildargerðisl. á tvo vegu, þ.e. að norðan og vestan. Að sunnan er Kirkjubæjarland, en Lagarfljót að austan. Er jörðin sem næst ferköntuð.

Í Gjörðabók fasteignamatsnefndar Norður-Múlasýslu frá 1917 er jörðinni lýst þannig:

"Dýrleiki eftir jarðamati 1861 6,59 hndr.

Landskuld 4 fjórðungar smjörs, 1 sauður veturg. og 1 teigs sláttur. (Leigumáli frá 1883).

I. Lýsing jarðarinnar.

A. Jarðnytjar:

1. Túnið er talið 256 arar að stærð; fremur snögglent og brunahætt með köflum. Allt þýft nema um 64 arar, sem sléttaðir hafa verið. Gefur af sér í meðalári um 60 hesta.

2. Matjurtagarðar um 300m², - uppskera óviss.

3. Útengjar snögglendir, ósléttar, votlendar og reytingssamar, en mest nærtækar. Meðalheyfengur 130 hestar. Mikið af heyinu létt fóður.

4. Beitiland: Sumarhagar sámilega góðir fyrir kýr og hross. Vetrararbeit fyrir sauðfénað fremur kjarngóð og land skjólgott, en mjög þröngt, og oft snjóþungt. Fjárgeymsla hæg.

B. Önnur jarðargæði:

1. Torfrista er góð.

C. Sérstakir ókostir:

1. Mótak til eldsneytis ekki til í landi jarðarinnar.

2. Ekkert upprekstrarland fyrir afréttarfé fylgir jörðinni.

3. Hættusamt fyrir fénað í dýjum og lækjum og fannhætt á haustin.

4. Vatnsból mjög erfitt á vetrum (c: 100 faðma frá bæ og aðfenni mikið.)"

Örnefni:

Bær, gripahús og tún í Gunnhildargerði.

Það skal strax tekið fram, að ég lýsi túni og húsum í Gunnhildargerði eins og þau voru á uppvaxtarárum mínum og fram til 1923, sumu e.t.v. til 1925. Síðan hafa orðið miklar breytingar, tún er t.d. allt orðið slétt og hefur verið stækkað mjög mikið. Einnig er rétt að geta þess, að ytri hluti Hróarstungu liggur ekki alveg réttvísandi frá suðri til norðurs, hún sveigir þar nokkuð til norðausturs. Venjulegt var að kalla "út" að sjó og "inn" eða "fram" til landsins, það voru nærri gagnstæðar áttir. Verða þær áttir líklega oft notaðar hér, skv. málvenju á Héraði, og þá sett í sviga fyrir aftan norður, sem merkir oft dálítið norðaustur, og suður, sem merkir stundum lítið eitt suðvestur. Má því ekki taka þessar áttir, þ.e. norður og suður, alveg bókstaflega.

Túnið í Gunnhildargerði er, eins og áður segir, 256 arar, þ.e. rúmlega 2,5 hektarar eða 7,5 dag-sláttur, og aðeins 64 arar eða 1/4 af því slétt árið 1917. Ekki get ég með neinum rökum rengt, að þessar tölur séu réttar, þó finnst mér, að slétturnar hafi verið nokkru stærri hluti túns en þarna er talinn vera.

Matjurtagarðar eru taldir vera um 300 m², uppskera óviss. Sumarið 1919 voru mæld tún og matjurtagarðar á öllum bæjum í Norður-Múlasýslu og kort gerð af þeim. Þessi kort voru send heim á bæina, og er kortið frá Gunnhildargerði varðveitt enn. Túnið í Gunnhildargerði er þar talið vera 3,7 hektarar (11,6 dagsláttur) og matjurtagarðar 793 m².

Mælingamaður var Lúðvík Schou Emilsson, búfræðingur, og honum til aðstoðar var Friðrik Jónasson frá Breiðavaði, þá 12 ára gamall, síðar kennari í Reykjavík og víðar.

Aukin stærð matjurtagarða stafar m.a. af því, að vorið 1917 var gerður allstór sáðgarður sunnan við Lambhúsin. Hallaði honum mikið til suðurs niður hólbrekkuna. Var hann þannig í góðu skjóli fyrir norðanáttinni, og fékkst oft úr honum góð kartöfluuppskera.

Sú aukning túns, sem virðist hafa orðið á aðeins tveimur árum, verður varla skýrð á annan hátt en að önnur hvor talan frá árunum 1917 og 1919 sé röng, sennilega þá hin fyrri, sem gæti hafa verið enn eldri.

Skal nú reynt að lýsa túninu og húsum, sem á því stóðu, eftir því sem ég bezt man.

Bærinn stóð á hól, sem kallaður var Bæjarhóll (1), og hallaði frá honum á þrjá vegu (ekki að vestan). Hann var fjórar samhliða húsalengjur (ris), er sneru frá vestri til austurs. Hlað var austan bæjar, og sneru að því fjögur timburþil bæjarins. Austan hlaðs mót tveim syðstu þiljunum var sáðgarður, er náði nokkru lengra til suðurs heldur en móts við bæjarþilin. Í norð-vesturhorni hans var smiðja, og sneri þil hennar beint á móti næstsyðsta bæjarþilinu.

Nokkru vestar á Bæjarhólnum stóðu þrjú frekar lítil fjárhús samhliða, kölluð Lambhús (2), og sneru dyr þeirra í suður. Norðan við þau var nokkuð stór hlaða, kölluð Lambhúshlaða (3), og var úr henni gefið fram í garða í hverju húsi fyrir sig. Sunnan við Lambhúsin var gerður allstór sáðgarður 1917; hallaði honum mikið til suðurs niður hólbrekkuna og var í góðu skjóli. Fékkst oft úr honum góð kartöfluuppskera.

Bæjarhólnum hallaði frá þessum húsum á þrjá vegu (ekki að austan). Djúpur brunnur var á Bæjarhólnum mitt á milli Lambhúsa og bæjar. Bæjarlækurinn (4) rann framan (sunnan) túns og neðan (austan), með þeirri undantekningu þó, að hann klauf túnið í sundur smáspöl suður frá Bæjarhólnum. Sunnan hans þar var svokallað Sauðhústún (5), var það lágur hóll, og á honum stóð fjárhús, kallað Sauðhús (6). Sneru dyr þess í austur, en vestan við það var hringlaga heyhlaða og myndaði þakið einn topp. Hún hét Sauðhúshlaða (7). Sauðhústúnið var lítið, en þegar

Það var sléttað (um 1920) var það ofurlítið stækkað og hurfu þá vallgrónar húsatættur, sem á því voru áður. Tún-
inu hallaði talsvert frá bænum/^{suður}og suðaustur að læknum. Var það nær þrístrend spilda, kölluð Tunga (8), sem tak-
markaðist af læknum, sáðgarðinum og götu, sem lá af hlaðinu
suðvestur að læknum. Þar, sem gatan lá næst læknum, voru
hlóðir, sem notaðar voru, þegar ull var þvegin á vorin. Smáþýfð
túnspilda lá frá Tungunni milli sáðgarðsins og lækjarins á átt
að hól neðan bæjar, sem síðar getur.

Á Tungunni, nær læknum, sást móta fyrir all-
stórri tóft. Fyrirnefnd gata, sem venjulega var nefnd Kirkjubæjargata (9),
af því að hún lá til Kirkjubæjar, beygði hjá læknum beint í
vestur um þýfða túnspildu, sem hét Helguvöllur (10). Þar norðan
götunnar sást móta fyrir kofatóft. Sagt var, að þar hefði fyrir á
tímum búið einsetukona, sem Helga hét. Þúst nokkur
aflöng var sunnan götu, nær tjörninni, kölluð Helguleiði
(11). Sunnan við Helguvöll er grunn tjörn (hluti af læknum).
Suðvestan við tjörnina er lítið, slétt engjastykki, sem heitir
Þrístrenda (12). Norðan Helguvallar og vestan Bæjarhólsins
var Lágin (13), hún var lægst af túninu, en greiðfær til
sláttar og grasgefin. Hún náði að vestan að gömlum
túngarði og norður að götu, sem kölluð var Galtastaðagata
(14) og lá fyrst út frá hlaðinu og beygði síðan beint
vestur túnið upp að gamla túngarðinum eins og Kirkjubæjargatan.
Á vorin var Bæjarlækurinn venjulega stíflaður, áður en
ullin var þvegin í honum, og flóði þá vatn yfir Lágina
um tíma; þótti það auka grasvöxtinn. Lágin var talin
ein dagsláttu (teigur); þar óx jafnan mikill og hávaxinn
puntur. Norðan Galta-

staðagötu var mjó og löng túnspilda, sem hét Rani (15). Náði hann að norðan að gömlum vallgrónum túngarði og hallaði frá honum að götunni. Norðan þessa túngarðs var Móhústúnið (16) vestast, en austan þess ferkantað, stórbýft túnstykki, afmarkað af gömlum, vallgrónum túngörðum, hét það Efri-Hringur (17). Hann var þaksléttur 1915. Á Móhústúninu stóð fjárhús, sem hét Móhús (18). Hefur það eins og nafnið bendir til upphaflega verið byggt í óræktarmó. Dyr þess sneru í austur, en vestan við það var heyhlaða, kölluð Móhúshlaða (19). Við hana var jafnan kastað heyi á sumrin og tyrft með heyjatorfi. Til þæginda voru dyr á hlöðuvegg, er að heyinu sneri. Þaksléttur voru í kringum Móhúsið, nema á móts við það að sunnan við gamla túngarðinn var smábýfður túnblettur, en slétt var við húsið. Norður frá Móhúsi stóð lítill kindakofi í útjaðri túns, kallaður Hrútakofi (20). Í honum var jata við norðurvegg, en ekki garði eftir miðju húsi eins og var í öllum hinum fjárhúsunum. Engin heyhlaða var við kofa þennan.

Í norðausturátt frá Hrútakofa, nokkru utan túns, voru byggðar kvíar (úr hnausum) í óræktarmó, líkl. árið 1910. Mórinn frá túninu að kvíunum var stunginn upp og sléttur. Var það allstórt stykki, sem ætlað var að gróa upp og verða að túni, en það gekk heldur seint, því/áburð vantaði.

Síðar, líklega um 1920-21, var byggt gripahús "út og upp" (norðvestur) frá kvíunum og byggð við það heyhlaða með járnþaki. Það var fyrsta járnþakið á húsum í Gunnhildargerði.

Litlu síðar var plægt og herfað stórt stykki af mónum frá þessu gripahúsi og alveg niður að mýri, og náði það að túninu, en ekki var það komið í rækt 1926.

Gata, sem kölluð var Nefbjarnarstaðagata (21), lá frá bænum norðanverðum út túnið austan eystri enda Ranans og austarlega um Efri-Hring og út sléttu utan hans. Túnblettur neðan þeirrar götu, næst bænum, var þýfður, og náði hann út að gömlum, vallgrónum túngarði (framhaldi af garðinum norðan Rana). Utan hans tók við stórþýft, ferkantað túnstykki / móts við Efri-Hring, afmarkað af vallgrónum túngörðum. Hét það Neðri-Hringur (22). Túnið þar sem Hringirnir voru var síðar kölluð Háaslétta (23). Utan (norðan) hans var allstór slétta, sem ræktuð hafði verið úr mónum, var hún talsvert lægri en Hringirnir. Norðaustur af bænum var hesthús og hlaða við það. Hafði það upphaflega verið byggt utan túns.

Sunnan hesthússins var byggður lítill hesthúskofi, stundum kallaður Rauðkukofi (24) (eftir íbúanum). Smá túnslétta var gerð utanvert við hlaðvarpa árið 1910. Síðar var gerð allstór slétta út frá þeirri sléttu (en breiðari miklu), sem náði út að Rauðkukofa, þá hvarf gata, er þangað hafði legið. Mjó, smáþýfð túnskák var vestan við hesthúsin, en utan (norðan) og norðaustan við hesthúsið var slétta.

Bæjarhlaðinu hallaði lítið eitt til norðausturs að hlaðvarpanum, sem var utan smiðju. Hlaðvarpanum hallaði talsvert niður á jafnsléttu. Neðan hans tók við ávöl hólbunga, sem hækkaði eftir því sem austar dró

Þar sem hóllinn var hæstur, var niður í hann aflöng lögð, e.t.v. hefur þar fyrir löngu síðan verið niðurgrafið hús. Lítið eitt niðurgrafið haugstæði var í öðrum enda lögðarinnar. Þar var oft hafður húsdýraáburður.

Þar sem hóllinn var hæstur snarhallaði honum til suðurs niður að mýrinni og læknum. Þar neðst í hólnum sást í lítinn klett með hvilft í, var hann kallaður Kletthús (25). Skammt neðan (austan) þessa hólts var óreglulega lagaður hólávali, og nokkru þar neðar voru grasigrónar húsatættur nærri læknum, þar sem hann beygir neðan túns.

Norðan (utan) þessa svæðis, sem síðast er lýst, og neðan sléttunnar út að hesthúsunum, var allstórt, þýft túnstykki, kallað Stórabýfi (26). Eftir því endilöngu frá vestri til austurs sást móta fyrir gömlum vallgrónum túngarði, er var framhald af garðinum, sem var sunnan Neðra- og Efra-Hrings og norðan Rana efst í túni. Af þessu býfi neðanverðu (austast) hafði þó verið sneitt allstórt stykki. Um aldamótin voru gerðar þar fyrstu slétturnar í túninu. Það voru fjórar svokallaðar beðasléttur (ávalar), er voru samhliða og sneru frá vestri til austurs (niður að læk); var sú minnst sem var næst mónum (nyrzt).

Túngarður sá, sem áður getur, að Láginn hafi náð að
 að vestan, náði til suðurs á móts við tjörnina, og norður-
 endi hans hefur náð að enda túngarðsins, sem lá meðfram
 Rananum, og myndað þar nær rétt horn (á túninu áður fyrr).
 Síðan hefur verið bætt við túnið, t.d. Efri- og Neðri-
 Hring, eins og garðar sýndu, en innri garðar þá felldir
 eða ekki haldið við.

Túngarðinum ofan túns (vestan) hefur verið lengur haldið við en öðrum túngörðum um túnið. Hann var hærri en aðrir garðar og sums staðar lítið hrunin sú hliðin, sem frá túninu sneri. Hann var því túninu nokkur vörn fyrir steinhruni úr brekkunni fyrir ofan túnið.

Fyrir ofan þennan garð, eða við hann, var fjárrétt, sem áður hafði verið að hluta notuð fyrir kvíar, en nokkru eftir að kvíar voru byggðar utan túns (sem áður getur) var þessari rétt breytt í sáðgarð. Lítil túnslétta var gerð utan hans.

Eins og áður er getið, hafa orðið miklar breytingar á túni og húsum í Gunnhildargerði síðan 1926. Allt gamla túnið er orðið slétt, og móarnir út frá því eru orðnir að rennsléttu og gróskumiklu túni langt út með Hlíð, og verður því ekki nánar lýst eða örnefnum, er kunna að hafa myndast í túni síðan. Ein undantekning verður þó gerð. Fyrir allmörgum árum, líklega 1949 eða 1950, voru börn að leika sér í mónum utan við túnið og rótuðu þá eða grófu lítið eitt í þúfu nokkra og fundu þar hauskúpu ofarlega í jarðvegi. Var hauskúpan látin á sama stað aftur og að henni hlúð og ekkert meira við þessu hreyft. Var álitnið, að þarna væri gömul dys. Þjóðminjaverði var gert aðvart um fund þennan oftár en einu sinni; taldi hann líkindi til, að þarna væri um fornt kuml að ræða. Virtist hann draga þá ályktun af því, hvað það var langt frá bæ. Ekki hefur þó dys þessi verið rannsökuð enn. Er nú búið að rækta tún allt í kringum þúst þessa, og er hún kölluð Leiði (27).

Umhverfi túns.

Fyrir ofan túnið er Hlíðin (28). Sumt fólk frá öðrum bæjum kallaði hana Gerðishlíð (28a), en það nafn var aldrei notað af heimilisfólki. Hlíðin er allbrött á köflum og víða með klettabeltum, ekki háum, en sums staðar ókleifum. Á þremur stöðum upp af bænum varð þó komizt upp á hana með hesta, nyrzt upp götu, er lá til Galtastaða, þá upp götusneiðinga beint upp af bænum; þær götur voru farnar til Hræreklækjar og einnig mikið notaðar fyrir fénað, t.d. kvíær. Loks voru götusneiðingar fram og upp frá bænum; var sú leið valin, þegar farið var til Hallfreðarstaða og þegar gæta þurfti myllunnar eða "smala fyrir norðan", sem kallað var, þó það væri raunar fyrir vestan. Vestur var venjulega kallað norður þar um slóðir! Hlíðin er nokkuð löng, nær hún frá syðri hluta Myllubotns (sem síðar getur) og næstum út (norður) að landamerkjum Gunnhildargerðis og Nefbjarnarstaða; þar sem hún endar (nyrzt) heitir Hlíðarendi (29). Grásteinsbjarg (30) heitir klettabelti út og upp af bænum, og neðan þess er stakur steinn, sem heitir Grásteinn (31). Nokkru þar fyrir utan hefur hlaupið úr Hlíðinni æði stórt stykki, heitir það Stóra-hlaup (32).

Skammt ofan (vestan) Grásteinsbjargs er hæsti klettahryggurinn á Hlíðinni, hann heitir Galtastaðaklettur (33). Fyrir utan hann liggur gatan til Galtastaða.

Á Hlíðinni nær beint upp af bænum er stór steinn, ekki jarðfastur, sannkallað Grettistak. Hann hafði

ekkert sérheiti, ef um hann var rætt, var hann bara kallaður "stóri steinninn", "uppi á hliðinni" kannski bætt við.

Innarlega á Hlíðinni er dökkleitt standberg, sem heitir Svartiklettur (34); fram af honum og jafnvel úr honum vætlaði oft vatn, og við brekkurætur neðan hans var nokkur seyla. Þar niður af á jafnsléttu var uppspretta, kölluð Lind (35), þar þraut sjaldan vatn (aldrei svo ég muni). Þegar frosthörkur voru á veturna og vatn þraut í Bæjarlæknum og brunnvatn þótti ekki orðið hæft til matargerðar, var bæjarvatnið sótt í Lindina í tunnu, sem ekið var á sleða. Einnig kom það fyrir í þurrkasumrum, að þvottur var þveginn við Lindina, og þar voru hlóðir, svo hægt var að sjóða þvottinn þar.

Meðfram Hlíðinni ofan túngarðs var gata, og lá hún með allri Hlíðinni út að Hlíðarenda til Nefbjarnarstaða og inn (suður) þangað, sem gatan beygði upp á Gatnásinn (til Kirkjubæjar). Vegna bleytu í mýrinni neðan Hlíðarinnar og seylu frá hliðarbrekkunni hafði verið gerð mjó, upphlaðin tröð á kafla utan við fossinn, og var ræsi í gegnum hana á móts við Svartaklett. Þar neðar traðar var Lindin. Neðan traðarinnar var rennsléttur engjablettur, sem kallaður var Slétta (36).

Dálítið frá brekkurótum voru í mýrinni nokkrir smápyttir í röð skammt framan Þrístrendu, virtist vera neðanjarðargangur milli þeirra og líklega verið í sambandi við seyluna frá brekkunni. Þessir pyttir hétu Holur (37). Vatnið í Holunum var tært og gott, og var

stöku sinnum sótt vatn/^íþær. Vatnið úr Holunum rann út í tjörnina framan Helguvallar. Nú eru Holurnar horfnar, en kominn skurður í stað þeirra.

Myllulækurinn (38) kemur úr Vetrarsundi og beygir fyrir Hraunsnef og rennur þá í bugðum austur í útjaðri Myllubotns. Var vatni veitt úr honum eftir skurði til myllunnar og rann það undir mylluna og sneri myllukarlinum; þaðan rann það aftur í lækinn. Lækurinn tekur þar á sig sveig og hefur unnið mikið á berginu og grafið sig niður og steypist síðan fram af hliðarbrúninni og myndar þar dálítinn foss. Klettabríkin framan við fossinn hefir Mylluklettur (39). Neðan fossins heldur lækurinn áfram smáspöl austur og endar þar, og vatnið úr honum dreifist um mýrina framan (sunnan) við túnið, en fer mest í keldur, sem um hana liggja. Ein keldan lá nærri Holunum og út í tjörn. Mestallt vatnið úr Myllulæknum mun að lokum hafa farið í Bæjarlækinn. Neðarlega í Bæjarlæknum er alldjúpur pyttur, sem heitir Stóripyttur (40), við hann voru hlóðir, og þar var áður soðinn hvalur, sem sóttur var til Mjóafjarðar, þegar hvalveiðistöðin var rekin þar af Norðmönnum. Eins og áður segir, beygir Bæjarlækurinn og rennur áfram neðan (austan) túns, og þar sem túnið nær lengst austur, er brú á læknum og tröð þvert austur yfir mýrina neðan túnsins; hún var mun breiðari en tröðin meðfram Hlíðinni. Orðið tröð merkir hér upphlaðinn veg.

Utan (norðan) brúarinnar fellur lækurinn fyrst um mýri, sem heitir Feti (41), og beygir síðan lítið

eitt til austurs og breytir brátt um nafn og kallast Drangalækur og rennur áfram norðvestan Dranga. Verður hans getið síðar.

Utan (norðan) túnsins og neðan Hlíðar voru þurrir móar grasi- og lyngivaxnir. Þetta móastykki mjókkar eftir því sem norðar dregur, og á móts við Hlíðarenda er það orðið heldur mjótt og endar þar við Illukelduholt (42). Illukelduholt, sem getið er í landamerkjabréfi, dregur nafn af Illukeldu (43), sem brúuð er skammt utan við Hlíðarenda og rennur síðan fram af Illukelduholti. (Þar sem hún rennur fram af holtinu, munu landamerkin vera).

Utan við áðurnefnda móa tekur við blá (nafnlaus) og á móts við Hlíðarenda hallar henni mjög til norðurs og kallast það Hall (44).

Sunnan túns og austan er mýri, stundum kölluð blá, en hafði ekki sérnafn. Meðfram læknum neðan bæjar var hún kölluð Fit (45). Í henni niður frá bænum var brunnur. Mýri þessi nær fram (suður) að Hestum og Rana og austar langt inn eftir (suður) milli Rana og Áss. Hún er oft votlend vegna vatnsins úr Myllulæknum, samt var jafnan slegið í henni, einkum í þurrkasumrum. Móaholt er í henni austur af bænum nærri Ásnum, og framar (sunnar) er smáholt. Til suðurs frá bænum sést Gatnás, Hestar, Kolahjalli, Rani og Vörðuhlíð, þ.e. ytri endi þeirra. Verður þeirra getið síðar.

Neðra land niður að Lagarfljóti og upp móts við bæ.

Áðurnefndur Ás (46) er hæðarhryggur austan

mýrarinnar neðan bæjar, hann liggur frá norðri til suðurs, þær áttir eru raunar ekki alveg nákvæmar (venjul. sagt "út" og "fram"). Ásinn er ekki hár, en byrgir þó fyrir útsýni frá bænum til Lagarfljóts, hann er nær ávalur að vestan, en ytri hluti hans er brattur að austan.

Þegar farið var frá bæ niður á Ásinn, var annaðhvort farið meðfram túni að sunnan og stokkið yfir Bæjarlækinn og gengið yfir mýrina eða farin gatan út að hesthúsinu, og þar beygði hún austur túnið smáspöl og lá síðan meðfram túninu utanverðu (beðasléttunum) niður að tröðinni og farið eftir henni yfir á Ásinn. Þar tekur fyrst við mór og ofarlega í honum voru tættur, sem líklega hafa verið kvíar, enda var þar kallað Kvíaból (47), og ofan (austan) þess er ávalur klettur, sem heitir Kvíaklettur (48). Nú er búið að slétta Kvíabólið og eitthvað af móunum kringum það. Neðan Kvíakletts er mjó, en nokkuð djúp lág eftir endilöngum ytri ásendanum, ekki hefur hún neitt sérheiti. Skammt utan Kvíakletts endar Ásinn, en allbreiður hæðarhryggur beygir frá ytri enda hans til austurs og heitir hann Drangar (49). Þessi hæðarhryggur er mest mólendi, þó er hann blásinn upp þar, sem hann er hæstur, er þar melur. Hann er breiðastur neðst (austast), og þar eru klettadrangar, en ekki samfelldir, og af þeim mun nafnið dregið. Sökum þess, að landinu hallar víðast hvar að Fljótinu (50), er það málvenja að segja "niður að Fljóti" (í stað "austur að Fljóti") og "upp frá Fljótinu" (í stað "vestur frá Fljótinu"). Mun þeirrar málvenju gæta hér.

Neðan (austan) Dranganna og utan (norðan) er blá, sem heitir Drangablá (51). Þar var stundum heyjað, sérstaklega í þurrkatið. Nyrzt fyrir neðan Drangana er góð velta, sem kallað er. Þar voru skornir strengir í torfveggi og torf á húsaþök og hey. Þar var svo góð velta (þ.e. grasrót djúp (þykk) og seig), að hægt var að skera undanskerur og jafnvel tvær sums staðar á sama blettinum.

Ásinn er víða grasigróinn, en þó hefur hann sums staðar blásið upp, t.d. móts við bæinn, þar eru allstórir melar. Ásinn er hæstur á móts við holtið í mýrinni. Neðan í þeirri hæð og til hliðar við hana er lægð eða botn, og þar sést móta fyrir gömlum görðum. Þetta heitir Stekkjarbotn (52), en varla hefur þar verið stekkur, því að garðarnir afmarka stærri blett en þarf til þeirra nota, enda sumt af honum mýri. Þetta gæti hafa verið áhaldi fyrir gripi, jafnvel nátthagi fyrir fáar kvíær. Sunnarlega vestan í Ásnum er Hádegislág (53); hún liggur á ská suðaustur upp í Ásinn frá mýrinni framan þæjar og liggur síðan eftir honum til suðurs með örlytlu þúfnahafti á einum stað sunnarlega.

Vestan við Hádegislág er Hádegisklettur (54). Smáholt er innan við syðri ásendann, sem heitir Vörðuholt (55).

Fyrir neðan (austan) Ásinn er Beitarhúsamýrin (56). Voru vörður hlaðnar yfir hana frá Ásnum (nær móts við bæ) og beint niður (austur) að Beitarhúsunum, svo að beitarhúsasmalinn villtist síður í dimmviðri á veturna. Skammt utan varðanna hallar mýrinni ofurlítið norður.

Sunnan Beitarhúsamýrarinnar er mólendishryggur, er liggur frá Ásnum niður (austur) að Smiðjuhól; hann heitir Rimi (57). Suður frá Rimanum eru móar, sem ná suður að Höfðum og Kjóholtsblá.

Smiðjuhóllinn (58) er nokkuð hár, fallegur ás með hamrabelti að austan, en aflendi halla að vestan. Skammt utan (norðan) hans eru Beitarhús (59). Þau voru þrjú samhliða fjárhús, sneru dyr í austur, en vestan við þau var heyhlaða. Fjarrétt var norðaustan við húsin, mjög nærri þeim. Kringum beitarhúsin var smátún.

Framan í (sunnan í) suðurenda Smiðjuhólsins er dálítil hvilft grasigróin, þar sést móta fyrir tóftum og var sagt, að þar hafi verið smiðja fyrr á tímum. Er sennilegt, að svo hafi verið, þá var styttra að flytja kolir til smiðju, en víða sjást merki kolagerðar; þar í grennd (kolagrafir) eins og víðar er í landi Gunnhildargerðis.

Götur liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti (60). Þar var ferjustaður, en þó ekki lögferja, það var kallað "að fara yfir á Rimanum". Land Gunnhildargerðis er allt talsvert herra en yfirborð Lagarfljóts, liggja því að Fljótinu allhár bakkar, en neðan þeirra, við Fljótið, er sums staðar dálítið undirlendi og er það víða kallað botnar og hafa flestir sitt sérheiti. Þar sem ferjustaðurinn var er lítið undirlendi, nema þegar mjög lítið vatn er í Fljótinu ("Fljótið er lítið"). Hafði því verið gerður bás upp í bakkann fyrir ferjuna og hún dregin þágað upp og bundin þar, þegar

"Fljótið tók að vaxa" ("var í vexti"). En stundum hrökk það ekki til og tók þá Fljótið ferjuna. Þegar það kom fyrir, rak hana venjulega einhvers staðar að landi út með Fljótinu og var bjargað.

Oft þurfti að ferja yfir Fljótið bæði fólk, fénað og farangur, og stundum þurfti að hafa hesta aftan í ferjunni, ef þeir vildu ekki synda sjálfviljugir.

Þegar menn staddir austan Fljóts óskuðu eftir, að þeir væru ferjaðir yfir Fljótið, "kölluðu þeir ferju", sem kallað var, með því að kalla háum rómi: "Kom, kom" með sífelldum endurtekningum. Heyrðust þessi köll að jafnaði, ef ekki var mjög hvasst veður, og var þá brugðið við og ferðamenn sóttir, ef einhver var heima, sem áralag kunni.

Skammt fyrir framan (sunnan) ferjustaðinn er Ferjubotninn (61), en fyrir utan ferjustaðinn eru allbrattir bakkar niður að Fljótinu á nokkrum kafla, en þegar "Fljótið var lítið" var ljós sandfjara meðfram þeim. Utan (norðan) þessara bakka er lítill botn með dýjum og dýjamosa, sem heitir Dýjabotn (62). Hann er nær niður af Beitarhúsum. Næstur honum (að utan) er Netjabotn (63), og út frá honum skagar tangi út í Fljótið, sem heitir Netjatangi (64). Út frá honum voru net lögð í Fljótið með spíru.

Næst fyrir utan Netjabotn er Stóribotn (65), hann er alllangur. Fyrir utan hann er lítill, nafnlaus botn. Norðan (utan) við hann er Nasalækjarbotn (66), en um hann fellur Nasalækurinn (67) í Lagarfljót, og utan

hans er Nasalækjartangi (68), sem um getur í landamerkjabréfi, en utanvert á honum eru landamerki.

Talið er, að Nasalækurinn dragi nafn sitt af hesti, sem Nasi hét og drepizt hafi í stórum pytti neðan beygju, sem á læknum er, áður en hann fellur austur í Fljótið. Þessi pyttur er kallaður Nasapyttur (69).

Bakkarnir meðfram Fljótinu eru þurrlendir og landi næst ofan þeirra á þessu svæði hallar lítið eitt að þeim víðast hvar; sumt af því er mýrlendi, annað hríslendi og móar neðan Beitarhúsa.

Skammt utan (norðan) Beitarhúsa er Beitarhúsholt (70). Utan þess hallar landi talsvert til austurs, og heitir það Hall (71), nær það út að landamerkjum. Fyrir ofan (vestan) Beitarhúsholt og Hall er áður nefnd Drangablá, er nær upp að Dröngum og beygir fyrir yzta horn þeirra og meðfram Drangalæknum vestan Dranga. Vestan hennar er bláin, sem áður getur, en átti sér ekkert sérheiti og tekur við utan (norðan) móanna, sem eru fyrir utan túnið í Gunnhildargerði; milli þeirra eru ekki skýr mörk. Drangabláin nær út (norður) að landamerkjum og út í land Nefbjarnarstaða. Drangalækurinn (72), sem áður ekki getur, rennur/allt staðar sýnilega, hann er víða aðeins röð pytta og rennur neðanjarðar milli þeirra. Hann beygir fyrir yzta horn Dranganna og leggur svo leið sína "út og niður" (norðaustur) og út í land Nefbjarnarstaða, og mun hann renna nær alveg neðanjarðar síðasta spölinn og skila vatni sínu að lokum í Nasalæk (um svarðargrafir). Nasalækurinn rennur frá svarðargröfunum í suður og suðaustur

inn í land Gunnhildargerðis og beygir síðan austur og niður í Fljótið.

Drangalækurinn er illræmdur fyrir, hvað hann er hættulegur kvikfénaði, og hefur mörg kindin látið líf sitt í honum.

Þá skal aftur komið að Smiðjuhól. Smáspöl sunnan við hann er Ytra-Smiðjuhólsenni (73). Suður frá því og móa sunnan neðri hluta Rimans er Kjóholtsblá (74); í henni er holt, sem heitir Kjóholt (75). Í suðausturátt frá Ytra-Smiðjuhólsenni og næst fyrir framan (sunnan) áðurnefndan Ferjubotn er Innra-Smiðjuhólsenni (76); er það raunar sund, sem klýfur bakkana og nær niður fyrir þá, og er þar afrennsli fyrir Kjóholtsblá.

Skammt fyrir innan Innra-Smiðjuhólsenni gengur lágur tangi út í Fljótið, fer lengd hans eftir vatnshæð Fljótsins á hverjum tíma. Þessi tangi kallast Nes (77). Næst þar fyrir framan (sunnan) eru smábotnar nafnlausir meðfram Fljótinu, þangað til kemur að Merki-botni (78), þar eru landamerki, og upp frá bakkanum ofan hans sést glöggmt móta fyrir gömlum merkigarði, sem liggur upp móana og skammt framan (sunnan) við Stórhöfðann (79) um Einarsstekkjjarblá (80) beint upp að Vörðuhlíð.

Stórhöfðinn er stærstur af svokölluðum Höfðum (81), það eru hæðahryggir með klettadrögum og mýrarsundum á milli. Þeir eru suðaustur af syðri enda Ássins fyrir neðan bæinn. Utan við Stórhöfðann er engjablettur, sem heitir Stórhöfðaker (82). Fyrir neðan (austan) Höfðana

eru móar, sem ná niður að Kjóholtsblá og út að Rima.

Vestan Höfða tekur við mýri upp að Vörðuhlíð (83), hún er með klettabelti að austan, en vesturhlíð hennar er ávöl mólendissskák. Þar sem Vörðuhlíð endar að norðan er skarð í klettabeltið eða nokkurs konar sund, afrennsli mýrar vestan Vörðuhlíðar. Hinum megin þessa sunds heldur klettabeltið áfram, en er þá lægra, en hækkar aftur utar og heitir Rani (84). Hann smálækkar eftir því sem norðar dregur og er mjög lágur yzt, þar sem hann skagar út í mýrina beint fram af bænum.

Fyrir vestan Vörðuhlíðina er mýrarsund og ofan þess er brekka með hamrastalli efst. Þetta heitir Kolahjalli (85); ofan á honum vex skógarkjarr og gráviður. Ofan Kolahjalla er brekka, víðast viði vaxin, en ofar allbrattir hamrar, þetta er austurhlíð allbreiðs áss, sem heitir Hestar (86). Þeir ná all lengra til norðurs (út) en Kolahjallinn og alveg út að mýrinni fram af bænum. Svörður var um skeið tekinn í mýrarhalla "utan og neðan" við enda Hestanna. Norðan (utan) við Kolahjalla-enda, en austan (neðan) Hesta er engjablettur, sem heitir Kolahjallablettur (87). Hann er áfastur Rananum og nær í sömu hæð.

Austurhlíðar Kolahjalla og Hesta eru kallaðir Hjallar (88). Þegar farið var þangað til að grisja skóg eða til berja, sem vaxa í brekkum þessum, var sagt "að fara inn í Hjalla".

Efra land.

Vestan Hesta er mýrarsund, dálítið breitt yzt

(nyrzt), og þar er í því holt, sem heitir Kirkjuholt (89). Milli Kirkjuholts og Hesta er örmjótt sund eða smáskora, kölluð Kirkjuklauf (90). Nyrzt hallar sundinu allmikið var sá hluti þess oft kallað Kirkjusund (90a) niður að mýriinni framan bæjar, en þegar þeim halla lýkur efst, mjókkar það, og er sá hluti þess kallaður Mjósund (91).

Vestan þessa sunds er ás, sem heitir Gatnás (92), hann er hæstur þeirra ása, sem taldir hafa verið. Dregur hann nafn af því, að austan í honum liggur gatan til Kirkjubæjar (Gatnás), en hún beygir síðan yfir Mjósund (fremst) eftir brú (tröð) austur á Hestana. Hæsti hluti Gatnássins sést frá bænum, en fer ört lækkandi eftir því sem utar dregur og endar við Myllubotn (93), en segja má, að hluti af honum teygist vestan Myllubotns, en sá hluti heitir Hraunsnef (94). Myllubotninn er snotur skeifulaga botn, allur grasi vaxinn. Smábrekka er að honum, þar sem Gatnás endar.

Vestan Gatnáss er allbreitt mýrarsund, sem heitir Vetrarsund (95). Framarlega í því er Vetrarklettur (96), þar eru landamerki. Vetrarsundi lýkur að utan (norðan) þar, sem Myllulækurinn beygir fyrir Hraunsnef, en þar utar tekur við allbreið mýri, sem er ofan við Hlíðina. Sú mýri nær út (norður) á móts við Galtastaðaklett og út að Hraun^{un}um (sem síðar getur).

Norðvestur af ytri enda Vetrarsunds og Hraunsnefs er dálítil hæðarbunga eða klettabrák, sem heitir Vörðuhraun (97), var þar varða.

Vestan við Vetrarsund er Fornistaðaás (98), kenndur við eyðibýli, sem staðið hefur á ás þessum í landi Kirkjubæjar, skammt frá landamörkum. Ólafur Olavius getur

Þess í Ferðabók sinni, að þarna hafi fyrrum verið prestssetur. Þjóðsögu heyrði ég um Fornistaði, þegar ég var barn að aldri. Hún er á þessa leið í stuttu máli, en ekki kannski alveg orðrétt sögð:

Fornistaður var prestssetur fyrir ævalöngu síðan, og bjó presturinn þar, eins og lög gera ráð fyrir. Skammt fyrir framan (sunnan) prestssetrið eru ásar tveir, sem heita Stóru-Skersli og Litlu-Skersli. Í Litlu-Skerslum er hellir, og í honum bjuggu tröllkarl og kerling hans.

Tröllkarlinn ásótti mjög prestinn, sem staðnum þjónaði, og gerði honum ærinn skaða. Til þess að ráða bót á þessum vandræðum tók prestur það ráð að fara kirkjustaðinn lengra í burtu frá bústað tröllana og flutti hann þangað, sem hann er enn í dag og heitir Kirkjubær.

En tröllkarlinn hætti þó ekki að ásækja prest, þó lengri leið þyrfti að fara. Eitt sinn, er karl var nærri kominn að Kirkjubæ, sást til hans, og snaraðist prestur þá út í kirkju til að hringja kirkjuklukkunum, því að það þótti óbrigðult ráð gegn tröllum og forynjum, og þegar tröllkarlinn steig upp á norðvesturhorn kirkjugarðsins, þá byrjaði prestur að hringja klukkunum. Þá varð tröllkarlinum svo hverft við, að hann steig svo fast á kirkjugarðshornið, að það hrundi og karl féll aftur á bak, og lagði hann það þá á garðshornið, að ^{það}skyldi aldrei standa, þó upp yrði hlaðið. Þóttu þau álög haldast langt fram eftir öldum og gera kannski enn í dag! Þessi hellir í Litlu-Skerslum er enn til, en er orðinn bæði lítill og lágur.

Á Fornistöðum eru margar og miklar tættur og móta sést fyrir túngörðum í kring. Staðurinn hefur nýlega verið friðlýstur. Bærinn hefur staðið hæst uppi á ásnum og þaðan verið víðsýnt. Hefur skógur vaxið þarna á landnámstíð og verið til skjóls. En eftir að búið var að höggva skógana, hefur þarna verið lítið skjól og áveðrasamt. Gat það m.a. verið ástæðan til þess að bærinn var fluttur þangað, sem skýlla var, þ.e. til Kirkjubæjar. Komið hefur fram sú tilgáta, að þarna hafi verið Hof í Hróarstungu, sem getið er um í Fljótsdæla sögu, þar sem Hróar Tungugoði bjó. Er sú tilgáta ekki ósennileg. Bærinn hefur staðið mjög miðsvæðis í Hróarstungu og ekki verið neitt smábýli. Upprunalegt nafn bæjarins hefur gleymzt á löngum tíma (kannski 9-10 öldum) og nafnið Fornistaður eða Fornustaðir komið í staðinn. Nafnið bendir til, að staðurinn var álitinn forn, þ.e. frá fornöld (mjög gamall) og verið allstórt býli ("staður"). Þessi mannvirki þyrfti að rannsaka. Ættu Tungumenn að hlutast til um, að svo yrði gert.

Fornistaðaás nær alllangt norður, og hallar honum nokkuð yzt til norðurs. Niður úr honum nærri landamörkum liggur mýrarsund vestur ofan að Stórublá, en hún er í landi Nefbjarnarstaða. Þetta mýrarsund heitir Merkilág (99), og sunnan hennar er steinn, sem landamerki eru miðuð við.

Vestan í Fornistaðaás, nokkru utan við Merkilág, er ávalur, snotur klettur, sem heitir Litla-Sjónarhraun (100). Skammt utan (norðan) við Litla-Sjónarhraun er

mýrarsund vestan við Fornistaðaás, sem heitir Sjónarhraunsund (101). Vestan við það er alllangur klapparás, sem heitir Stóra-Sjónarhraun (102), eru um það landamerki.

Vestan í Fornistaðaás utarlega er lítið, sérkennilegt klapparholt, sem heitir Helluhraun (103). Norðvestur af bænum, ofan (vestan) Hlíðar, eru þrjár hæðarhryggir með klettadrögum og melum og mýrarsundum á milli, sem heita Hraun (104). Milli þeirra og ytri enda Fornistaðaáss er mýrarfláki með engu sérheiti. Norðvestan Hrauna er mólendishryggur, sem heitir Langimór (105), og eru allbreið, þýfð mýradrög á milli þeirra.

Illakelda, sem áður er nefnd, er afrennsli þessara mýra og sunda milli Hrauna.

Vestan Langamós utarlega er Austara-Hrútahraun (106), sem getið er í landamerkjabréfi.

Gunnhildur í Gunnhildargerði og synir hennar.

Gamla þjóðsögu heyrði ég í æsku um fyrstu ábúendur á fjórum jörðum í Út-Tungu (Hróarstungu). Verður efni hennar rakið hér í stuttu máli:

Gunnhildur hét kona, sem til Íslands kom frá Noregi á landnámsöld. Nam hún land í Hróarstungu utarlega milli Jökulsár og Lagarfljóts og reisti sér þar bæ og bjó þar, sem síðan heitir Gunnhildargerði.

Hún átti þrjá syni, er hétu Galti, Geiri og Nefbjörn. Þegar þeir bræður hugðust byrja búskap sjálfir, skipti Gunnhildur miklum hluta af landi sínu milli þeirra og gaf þeim, en bjó sjálf áfram í Gunnhildargerði, sem eftir þessa ráðstöfun var orðin smájörð. Galti

bjó á Galtastöðum, Geiri á Geirastöðum og Nefbjörn á Nefbjarnarstöðum, og lágu lönd þeirra bræðra saman. Deildu þeir bræður oft um landamerki og beit fyrir búfénað, og fleira varð þeim til sundurþykkis. Sumar eitt síðla kom kaupskip til Vopnafjarðar, og fóru þeir bræður þangað og áttu kaup við farmenn. Fengu þeir sumt af vörum sínum geymt á Vopnafirði og hugðust flytja þær heim á sleðum að vetrarlagi. Næsta vetur, þegar veður og færð gaf, sendu þeir Geir og Nefbjörn þræla sína til Vopnafjarðar að sækja vörurnar. Litlu síðar sendi Galti þræla sína til að sækja vörur sínar, og þegar þeir höfðu skammt farið, mættu þeir þrælum Geirs og Nefbjarnar í Jökulsárhlíð framan Kaldár; þar höfðu þeir brotið sleða sína. (Var talið, að bæjarnafnið Sleðbrjótur væri af því dregið). Báðu þeir þræla Galta að lána sér sleða austur, því að stutt var að fara heim til þeirra. Þessu neituðu þrælar Galta þverlega og varð af orðasenna þeirra í millum, sem endaði með því, að þeir börðust og gengu svo hart fram að allir féllu. Voru þeir dysjaðir þar, og sjást þar enn merki um kuml þeirra.

Varð þessi atburður ekki til að bæta samkomulag þeirra bræðra, sem ekki var að vanta.

Eitt sinn hittust þeir bræður skammt ofan Nefbjarnarstaða og deildu sem oftast um beit og landsnytjar o.fl. Þeir voru vopnaðir. Frétti Gunnhildur af fundi þeirra og hraðaði hún sér til þeirra og hugðist reyna að setta þá, en tókst það ekki. Deildu þeir bræður hart, og að lokum börðust þeir. Geir og Nefbjörn sóttu báðir

að Galta, en Galti var vígður vel, og lauk svo þessari viðureign að hann felldi báða bræður sína. Galti var þá orðinn móður og sár mjög, en hugðist þó heim fara til Galtastaða; komst hann vestur yfir læk, sem eftir blánni rennur, þar sem þeir börðust í, og þá féll hann dauður niður.

Gunnhildur hafði horft á bardaga sona sinna, og þegar honum lauk, sprakk hún af harmi.

Geiri og Nefbjörn voru heygðir austan lækjar, þar sem þeir féllu, og Gunnhildur einnig, en Galti var heygður vestan lækjar. Voru orpnir haugar allstórir yfir þeim öllum; er stutt milli þeirra, og sjást þeir enn í dag.

Sagan segir, að áður en Galti andaðist hafi hann látið svo um mælt, að ef gerð yrði tilraun til að grafa í haug sinn, skyldu Galtastaðir sýnast standa í björtu báli. Talið var, að lagt hafi verið í haug hans fé nokkurt og vopn; hefur hann líklega verið mestur höfðingi þeirra bræðra. Löngu seinna, er talið, að menn hafi reynt að rjúfa haug Galta, en ekki höfðu þeir lengi grafið, er þeim varð litið til Galtastaða, og sýndist þeim þá, að bærinn stæði í björtu báli. Hættu þeir þá að grafa í hauginn og hröðuðu för sinni til Galtastaða og komust þá að raun um, að þetta hafði verið missýning ein. Ennþá sést í haug Galta talsverð hola, en við hinum haugunum hefur ekkert verið hróflað, svo séð verði.

Eftir þessa atburði var bláin nefnd Haugablá og lækurinn Haugalækur, og hafa þau sérheiti enn í dag.

Gunnhildur og ættmenn hennar er nánar getið í Íslenskum þjóðsögum og sögnum eftir Sigfús Sigfússon, IX. bindi, bls. 58-60.

Stafrófsskrá Örnefna

Ás 46	Holur 37
Austara-Hrútahraun 106	Hraun 104
Beitarhús 59	Hraunsnef 94
Beitarhúsaholt 70	Hringur, Efri- 17
Beitarhúsamýri 56	Hringur, Neðri- 22
Bæjarhóll 1	Hrútahraun, Austara- 106
Bæjarlækur 4	Hrútakofi 20
Drangablá 51	Höfðar 81
Drangalækur 72	Illakelda 43
Drangar 49	Illukelduholt 42
Dýjabotn 62	Innra-Smiðjuhólsenni 76
Efri-Hringur 17	Kirkjubæjargata 9
Einarsstekkjarblá 80	Kirkjuholt 89
Ferjubotn 61	Kirkjuklauf 90
Feti 41	Kirkjusund 90a
Fit 45	Kjóholt 75
Fljót 50 sbr. Lagarfljót	Kjóholtsblá 74
Fornistaðaás 98	Kletthús 25
Galtastaðagata 14	Kolahjallablettur 87
Galtastaðaklettur 33	Kolahjalli 85
Gatnás 92	Kvíaból 47
Gerðishlíð 28a sbr. Hlíð	Kvíaklettur 48
Grásteinn 31	Lág 13
Grásteinsbjarg 30	Lagarfljót 60 sbr. Fljót
Háaslétta 23	Lambhús 2
Hádegisklettur 54	Lambhúshlaða 3
Hádegislág 53	Langimór 105
Hall (neðan Hlíðarenda) 44	Leiði 27
Hall (utan Beitarhúsaholts) 71	Lind 35
Helguleiði 11	Litla-Sjónarhraun 100
Helguvöllur 10	Merkibotn 78
Helluhraun 103	Merkilág 99
Hestar 86	Mjósund 91
Hjallar 88	Móhús 18
Hlíð 28 sbr. Gerðishlíð	Móhúshlaða 19
Hlíðarendi 29	Móhústún 16

Myllubotn 93	Vetrarklettur 96
Mylluklettur 39	Vetrarsund 95
Myllulækur 38	Vörðuhlíð 83
Nasalækjarbotn 66	Vörðuholt 55
Nasalækjartangi 68	Vörðuhraun 97
Nasalækur 67	Ytra-Smiðjuhólsenni 73
Nasapyttur 69	Þrístrenda 12
Neðri-Hringur 22	
Nefbjarnarstaðagata 21	
Nes 77	
Netjabotn 63	
Netjatangi 64	
Rani (í túni) 15	
Rani 84	
Rauðkukofi 24	
Rimi 57	
Sauðhús 6	
Sauðhúshlaða 7	
Sauðhústún 5	
Sjónarhraun, Litla- 100	
Sjónarhraun, Stóra- 102	
Sjónarhraunssund 101	
Slétta 36	
Smiðjuhóll 58	
Smiðjuhólsenni, Innra- 76	
Smiðjuhólsenni, Ytra- 73	
Stekkjarbotn 52	
Stórahlaup 32	
Stóra-Sjónarhraun 102	
Stórapýfi 26	
Stórhöfðaker 82	
Stórhöfði 79	
Stóribotn 65	
Stóripyttur 40	
Svartiklettur 34	
Tunga 8	

Efnisyfirlit

	Bls.
Nöfn heimildarmanna og skrásetjara og upplýsingar um þá.....	1
Landamerki.....	1-4
Úr Gjörðabók fasteignamatsnefndar Norður-Múlasýslu 1917.....	4-5
Örnefni	
Bær, gripahús og tún.....	5-11
Umhverfi túns.....	12-15
Neðra land niður að Lagarfljóti og upp á móts við bæ.....	15-22
Efra land eða land ofan (vestan) bæjar..	22-26
Þjóðsaga um Fornistaði.....	24-25
Þjóðsaga um Gunnhildi og syni hennar.....	26-28
Stafrófsskrá örnefna.....	29-30